

**Nd.**

**780. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúagerðir.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefir lagt til, að frv. um breytingar á vegalögunum verði að þessu sinni afgreitt með rökstuddri dagskrá. Þykir mér réttast, að þetta mál sé afgreitt á sama hátt. Lögin um brúagerðir eru ekki nema tveggja ára gömul. Og þar sem nú er svo skammt milli þinga, tel ég sjálfsagt að láta málið fremur biða síðara þingsins, og gefa þar með þingmönnum og vegamálastjóra frest til nánari athugunar á málinu. Ég legg því til, að frv. verði nú afgreitt með svo hljóðandi

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem æskilegt verður að teljast, að nánari athugun fari fram um það, hvaða brýr ástæða sé til að taka inn í lög um brúagerðir, til viðbótar þeim, sem þegar er heimilað að byggja fyrir rikisfé, ályktar deildin, að ekki beri að afgreiða málið á þessu þingi, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. des. 1935.

Gísli Guðmundsson.